

Grunnskólinn Helli

Útboðslýsing



RANGÁRÞING YTRA



Grunnskólinn Helli – Suðurbygging

Þakfrágangur.

Útboðs og verkskilmálar

ARKÍS
arkitektar

VSÓ RÁÐGJÖF

Útgáfa 2

Arkís arkitektar - Vsó

Efnisyfirlit

0.1	Svansvottun	2
0.2	Helstu verkþættir	4
0.2.0	Lauslegt yfirlit yfir verkið	4
0.2.1	Útboðsform	5
0.2.2	Vettvangsskoðun	5
0.2.3	Verksamningur - Verkáætlun	5
0.2.4	Eftirfarandi gögn skulu vera hluti verksamnings:	5
0.3	Framkvæmdatími	6
0.3.0	Helstu tímasetningar innan útboðs:	6
0.4	Upplýsingar um verkkaupa	6
0.4.0	Verkkaupi	6
0.4.1	Eftirlit verkkaupa	7
0.5	Upplýsingar um ráðgjafa verkkaupa	7
0.5.0	Arkitektar:	7
0.5.1	Burðarþol, lagnir og tæknikerfi:	7
0.6	Útboðsgögn. Staðlar. Reglugerðir	7
0.6.0	Útboðsgögn	7
0.6.1	Útboðsteikningar	8
0.6.2	Lög og reglugerðir	8
0.6.3	Skýringar á útboðsgögnum	9
0.7	Tilboð	9
0.7.0	Gerð og frágangur tilboðs	9
0.7.1	Auðkenni tilboðs	9
0.7.2	Opnun tilboða	10
0.7.3	Tilboðstrygging - Gildistími tilboðs	10
0.7.4	Meðferð og mat á tilboðum	10
0.7.5	Þóknun fyrir gerð tilboðs	11
0.8	Greiðslur	11
0.8.0	Framlag verkkaupa	11
0.8.1	Greiðslur og reikningskil	11
0.8.2	Vinna sérfræðinga	12
0.8.3	Verðlagsgrundvöllur	12
0.8.4	Tafabætur / Dagsektir	12
0.8.5	Fyrirframgreiðsla	12
0.9	Ábyrgðir – Tryggingar - Ágreiningsmál	12
0.9.0	Vátryggingar	12
0.9.1	Keðjuábyrgð	13
0.9.2	Verktrygging	13
0.9.3	Veðsetningar – Eignarréttarfyrirvarar	13
0.9.4	Misræmi í gögnum	14
0.9.5	Ágreiningsmál	14
0.10	Vinnustaður	14
0.10.0	Athafnasvæði og vinnuástaða	14
0.10.1	Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni	14
0.10.2	Akstur, vélar og fleira	14
0.10.3	Umhirða á vinnustað	14
0.10.4	Öryggi á vinnustað	14
0.10.5	Umsjón og eftirlit	15
0.10.6	Lofthæð	15
0.11	Frágangur og gæði verks	15
0.11.0	Teikningar, máltaka og athuganir á staðnum	15
0.11.1	Framkvæmd verksins	15
0.11.2	Verkstjórn verktaka og verkfundir	15

0.11.3	Vinnu- og efnisgæði.....	16
0.11.4	Gæðastjórnunarkerfi.....	16
0.12	TILBOÐSBLAÐ.....	18

0.1 Svansvottun

Vakin er sérstök athygli á því að verkkaupi hyggst fá Svansvottun á viðbygginguna.

Ávinningur fyrir verkkaupa og notendur byggingarinnar vegna tiltekins vistvottunarkerfis eru eftirfarandi:

- Gæði byggingarinnar eru aukin
- Dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum
- Byggingin verður heilnæmari og öruggari
- Dregið er úr rekstrarkostnaði

Viðmið Svansins ná frá því að bygging húss hefst þar til húsið er afhent notanda. Allar framkvæmdir eftir afhendingu falla ekki undir vottunina. Við byggingu á Grunnskólanum á Hellu er farið eftir viðmiðum Svansins 3.15 sem gildir frá 9. mars 2016 – 30. september 2024.

Efna- og byggingarvörur

Allt efni sem verktaki bíður í verkið skal uppfylla kröfur Svansvottunar eða annarra sambærilegra efnisvottana sem Svanurinn samþykkir.

Kaflinn um byggingarefni, byggingarvörur og efnavörur er hjartað í Svaninum. Kaflanum er skipt í þrjá meginflokka:

- Efnavörur
- Byggingarvörur.
- Timbur

Viðmið Svansins byggja á efnalöggjöf Evrópusambandsins (REACH). Kröfurnar fela meðal annars í sér að efni sem eru flokkuð krabbameinsvaldandi, innkirtla truflandi eða hafa áhrif á frjósemi eru bönnuð. Auk þess eru vissir efna eða vöruflokkar bannaðir sem af öðrum ástæðum eru talin sérstaklega varasöm fyrir heilsu fólks eða umhverfið. Dæmi um þetta eru nanóefni og PVC (vínýl). Nokkrar meginreglur gilda fyrir alla flokkana en þó með nokkrum undantekningum.

- Kröfurnar ná yfir vörur sem eru innbyggð í húsin
- Eldsneyti á vélar og tæki og sambærilegt er ekki tekið með
- Allt timbur þarf að uppfylla viðmið Svansins, óháð því hvort það er hluti hússins eða ekki

- Kröfurnar eru almennt uppbyggðar á sambærilegan máta með sömu tilvísunum í REACH, sama hvort um efnavörur eða byggingarvörur er að ræða
- Svanurinn setur sem markmið að sporefni megi ekki vera í meira mæli en 0,01% (100 ppm)
- Staðfestingar sem Svanurinn fer fram á eru þrennskonar
 - Öryggisblöð um efnavörur
 - Upplýsingablað um byggingarvörur og í sumum tilfellum rannsóknarskýrslur frá óháðum aðila til að staðfesta eftirfylgni við viðmið Svansins.
 - Stöðluð yfirlýsing (viðaukar við Svaninn), undirrituð af framleiðanda vörunnar, um að hún uppfylli kröfur Svansins og innihaldi ekki þau skaðlegu efni sem eru bönnuð.
- Vörur merktar Svaninum, Evrópublóminu og Bláa Englinum eru leyfilegar í vottuð hús og það þarf ekki að taka saman frekari gögn.

Þær vörur og efni sem nú þegar hafa verið samþykkt af Svaninum á Íslandi og fást hjá íslenskum birgjum má finna í excel skjali Svansins sem kallast Efnissamþykktir.

Sorpflokkun

Þeir gámar og þau ílát sem eiga að vera tiltæk á byggingarstað eru:

- Opinn gámur fyrir timbur
- Smærri ílát fyrir lífrænan úrgang, óendurvinnanlegan úrgang, plast, pappír, málma, spilliefni og flöskur og dósir.

Áður en gámur og ílát berast að byggingarstað þurfa starfsmenn sjálfir að flytja efnið á sorpmóttökustað. Ef ekki er hægt að vigta úrganginn þar skulu starfsmenn gera eftirfarandi:

- Skrá og taka myndir af úrgangi
- Meta magntölur úrgangs út frá rúmmáli. Hægt er að mæla stærð kerru eða palls á bíl og leggja þannig mat á rúmmál úrgangs.

Seinni aðferðin gengur best ef aðstaða á byggingarstað býður upp á að úrgangur sé flokkaður jafn óðum og sé því ekki blandaður í flutningi. Þá er hægt að fara með eina kerru fulla af timbri, aðra fulla af blönduðum úrgangi o.s.frv.

Rangárþing Ytra óskar hér með eftir tilboðum í Suðurbyggingu, áfanga 2 við grunnskólann Hellu, samkvæmt útboðslýsingu þessari og þeim gögnum sem í henni eru talin.

0.2 Helstu verkþættir

Verkið innifelur í aðalatriðum eftirtalda verkþætti:

- Frágangur viðsnúinna þaka
- Frágangur heitra þaka
- Frágangur yfirborðsefna á þökum
- Frágangur þakkanta
- Þakniðurföll og niðurfallsrör

0.2.0 Lauslegt yfirlit yfir verkið

Verkið er staðsett við Útskála á Hellu og á lóðinni stendur til að byggja við núverandi grunnskóla til suðurs. Viðbyggingin verður um 2700m² á tveim hæðum.

Í áfanga 2 er verið að byggja 2 hæða stakstæða byggingu með aðalinngangi, mat- og samkomusal, bókasafni, tónlistarskóla og sérgreinastofum á 1 hæð, á 2 hæð eru vinnu og hvíldarrými kennara, starfsmannarými og skrifstofur skólans.

Verktaki kemur inná svæðið þegar búið er að reisa allt burðarvirki byggingar, veggj, botnplötu, milliplötu og þakplötu. Jarðvinnu verktaki skilar af sér jöfnuðum jarðvegi utan við sökkla.

Verkið felst í uppbyggingu og fullnaðarfrágangi á þökum í 2.áfanga, um er að ræða frágang rakavarnarlags, þakpappa, frágang við niður og yfirföll, einangrun þaka, frágang á þökum og köntum, yfirborðsfrágang þaka og allan annan frágang og fylgihluti samkvæmt teikningum, verklýsingu og öðrum útboðsgögnum.

Verkið skiptist í 2.hluta

1.hluti er lægra þak, heitt þak ásamt öllum þeim frágangi sem snýr að þeim þakfrágangi. ÞP-02 á þakmynd arkitekta.

2.hluti eru öll önnur þök og allur sá frágangur sem snýr að þeim.

Sérstök athygli er vakin á því að full starfsemi verður í grunnskólanum á verktíma og verður verktaki við framkvæmdir að taka mið af því og tryggja öryggi grunnskólabarna og starfsmanna á meðan á framkvæmdinni stendur og haga framkvæmdum þannig að lágmarkstruflun verði á starfsemi grunnskólans.

Helstu stærðir eru:

Heildar grunnflötur Suðurbyggingar 2700 m² á 2 hæðum

Þakpappi og einangrun – viðsnúin þök	m ² 1114
Þakpappi og einangrun – heitt þak	m ² 476
Úthagatorf og bollakerfi	m ² 991
Malarfarg á þak	m ² 123

Verkið skal vinna í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða sem eiga við þessa framkvæmd og er verktaki að fullu ábyrgur fyrir því að þeim sé fylgt.

Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að semja við lögstjóðenda um breyttar útfærslur á einstökum liðum framkvæmdarinnar þegar heildartilboð liggja fyrir eða hafna öllum tilboðum

Verktaki skal skila verkinu af sér fullbúnu með athugasemdalausri lokaúttekt samkvæmt ákvæðum laga um mannvirki og verklokaúttekt í samræmi við ákvæði útboðsgagna til verkkaupa 30.09.2024, 1.hluta skal þó skila fullbúnum 15.08.2024.

0.2.1 Útboðsform

Hér er um almennt útboð að ræða eins og lýst er í grein 2.2 í ÍST 30:2012 6. útgáfa dagsett 9. janúar 2012 skal gilda um verkskilmála þessa eftir því sem við getur átt að teknu tilliti til skilmála þessara. Sé misræmi milli hinna stöðluðu skilmála ÍST 30 og verkskilmála þessara ráða skilmálar þessir.

0.2.2 Vettvangsskoðun

Þjóðendum ber og eru hvattir til að kynna sér aðstæður og staðhætti á byggingastað.

0.2.3 Verksamningur - Verkáætlun

Verktími hefst þegar verkkaupi hefur tekið tilboði verktaka og telst verksamningur kominn á við undirskrift hans.

Í upphafi verks skal verktaki gera verkáætlun um verkið í heild. Sú verkáætlun skal unnin í samráði við eftirlitsmanns verkkaupa. Verkáætlun þessi verður hluti verksamnings.

Verktaki skal fylgja verkáætluninni. Ef verkáætlun er ekki fylgt í veigamiklum verkþáttum, sem geta haft áhrif á lúkingu verksins, skal verktaki tilkynna verkkaupa um seinkunina og af hverju hún stafar og gera grein fyrir ráðstöfunum til að vinna upp seinkun. Verkkaupa er mjög mikilvægt að verkinu verði skilað á tilsettum tíma.

0.2.4 Eftirfarandi gögn skulu vera hluti verksamnings:

Útboðs og verkskilmálar þessir

- Verklýsing
- Magntöluskrá
- Teikningar
- Skýrslur og greinargerðir hönnuða
- Tilboð verktaka
- Verkáætlun
- Vátryggingarsamningur
- ÍST 30:2012 6. útgáfa dagsett 9. janúar 2012

0.3 Framkvæmdatími

Verktími hefst þann 15.07.2024 og þegar verkkaupi hefur tekið tilboði verktaka og telst þá kominn á samningur um verkið (sbr. ÍST-30 grein 3.1).

Verktaki hefur aðgang að vinnusvæðinu frá, 15. júlí, 2024 og skal verkinu á 1.hluta að fullu lokið 15.08.2024. Skal verklokaúttekt á verkinu fara fram ekki seinna en þann dag.

2.hluti skal svo að fullu lokið 30. september, 2024. Skal verklokaúttekt á verkinu fara fram ekki seinna en þann dag.

0.3.0 Helstu tímasetningar innan útboðs:

Verktaki skal gera verkáætlun yfir verkið sem skal samþykkt af verkkaupa og verður hún hluti verksamnings. Í þessari áætlun koma fram allar áfangadagsetningar verksins.

Upphaf verks	15.07.2024.
Verklok 1.hluta	15.08.2024.
Verklok	30.09.2024.

Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útboðs- og samningsgögnum. Þá skal aðstaða verktaka hafa verið fjarlægð og vinnusvæðið hreinsað og frágengið að fullu.

0.4 Upplýsingar um verkkaupa

0.4.0 Verkkaupi

Rangárþing Ytra

Suðurlandsvegur 1-3

850 Hella

Sími: 488 7000

Eftirlitsmaður Verkkaupa

Tómas Haukur Tómasson

Forstöðumaður eigna- og framkvæmdasviðs

Suðurlandsvegur 1-3

850 Hella

Sími: 488 7000

tomas@ry.is

Commented [EG1]: Skoða framkvæmdatíma

0.4.1 Eftirlit verkkaupa.

Verkkaupi útnefdir ráðgjafa sem annast eftirlit með verkinu fyrir hans hönd.

Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið samkvæmt samningi og í samráði við eftirlitsmann verkkaupa og hafa eðlilegt samráð við stjórnendur grunnskólans, í þeim tilvikum sem það er nauðsynlegt, til að tryggja öryggi og að starfsemi grunnskólans raskist ekki.

Eftirlit af hálfu eftirlitsmanns verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits sem falið er öðrum stjórnvöldum samkvæmt lögum eða reglugerðum.

0.5 Upplýsingar um ráðgjafa verkkaupa

Eftirtaldir aðilar eru ráðgjafar verkkaupa við verkið:

0.5.0 Arkitektar:

Arkís arkitektar ehf.

Vesturvör 7, 200 Kópavogi

Sími: 511-2060

Tengiliðir:

Birgir Teitsson arkitekt, biggi@ark.is

0.5.1 Burðarþol, lagnir og tæknikerfi:

VSÓ verkfræðistofa

Borgartúni 20, 105 Reykjavík

Sími: 5859000

Netfang vso@vso.is

Tengiliðir:

Atli Örn Hafsteinsson, atli@vso.is

0.6 Útboðsgögn. Staðlar. Reglugerðir

0.6.0 Útboðsgögn

Til útboðsgagna vegna verks þessa teljast:

- Útboðslýsing þessi
- Verklýsing
- Magntöluskrá
- Teikningar

- Skýrslur og greinargerðir
- Tilboð verktaka
- Verkáætlun
- Vátryggingarsamningur
- ÍST 30:2012

Íslenski staðallinn ÍST 30:2012. Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkfrákvæmdir, 6. útgáfa dagsett 9. janúar 2012 skal gilda um verkskilmála þessa eftir því sem við getur átt en með þeim breytingum og viðaukum sem getið er í verkskilmálum þessum. Sé misræmi milli hinna stöðluðu skilmála ÍST 30 og verkskilmála þessara ráða skilmálar þessir.

Verklýsingin lýsir þeim kröfum, sem gerðar eru varðandi framleiðslu, afhendingu, uppsetningu, prófanir, úttektir og gangsetningu á öllum þeim búnaði, sem verktaki leggur til verksins. Einnig tekur verklýsingin til vinnu við búnað og annað sem verkkaupi leggur til verksins. Verktaki skal kynna sér verklýsingu þessa ítarlega áður en vinna við einstaka verkþætti hefst.

0.6.1 Útboðsteikningar

Með útboði þessu fylgja verkeikningar.

Samþykki umsjónarmanns verkkaupa skal fá fyrir öllum frávikum frá teikningum. Verktaki skal merkja inn á teikningar öll frávik, sem gerð verða. Verktaki fær til afnota 3 sett af uppdráttum og verklýsingu í upphafi verksins. Telji verktaki sig þurfa á frekari gögnum að halda til að vinna verkið, t.d. ef gögn glatast, skal verktaki greiða kostnað af prentun / ljósritun þeirra.

Verktaki skal kynna sér vinnuteikningar ítarlega áður en vinna við einstaka verkþætti hefst. Nauðsynlegt er að hafa verklýsingu, skýrslur og greinargerðir verksins til hliðsjónar þegar teikningarnar eru skoðaðar.

0.6.2 Lög og reglugerðir

Verktaki er ábyrgur fyrir að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga og reglugerða sem eiga við þessa framkvæmd þó þau séu ekki talin hér að neðan. Gildandi lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem m.a. gilda um framkvæmdina eru til dæmis (ekki tæmandi talið):

- Byggingarlög og byggingarreglugerðir
- Reglugerð um brunavarnir og brunamál
- Heilbrigðisreglugerð
- Reglur vatnsveitna og hitaveitna
- Reglur Vinnueftirlits ríkisins
- Reglur Löggildingarstofu

- Rb-leiðbeiningarblöð og sérrit

Bjóðendur skulu sjálfir útvega sér þau lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem við eiga hverju sinni.

0.6.3 Skýringar á útboðsgögnum

Nú óskar bjóðandi eftir nákvæmari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða hann verður var við ósamræmi í útboðsgögnum, sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæð og/eða verktíma, skal hann þá senda tölvupóst til tomas@ry.is með skriflega fyrirspurn eigi síðar en 4 virkum dögum fyrir opnunardag tilboða.

Svarbréf, tölvupóstur verður sent öllum væntanlegum bjóðendum og telst það þá hluti útboðsgagna.

0.7 Tilboð

0.7.0 Gerð og frágangur tilboðs

Tilboð skal gera í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum.

Bjóðendur skulu fylla út alla liði tilboðsskrár sem er hluti af útboðsgögnum þessum. Litið er á útfyllta liði tilboðsskrár sem ákvörðun bjóðanda um að innifela kostnað við þá í öðrum liðum. Að lokum skal færa niðurstöðutölur á tilboðsblað.

Allar magntölur í magnskrá eru áætlaðar og geta breyst á verktímanum. Samningsaðilar geta ekki sett fram kröfur um breytingu á einingaverðum þó svo að magn einstakra liða aukist eða minnki eða jafnvel falli út. Einungis verður greitt fyrir sannanlega unnið magn samkvæmt mælingum framkvæmdum af fulltrúa verkkaupa og verktaka.

Í einingarverðum skal innifalinn allur kostnaður verktaka sem þarf til að fullgera verkið samkvæmt teikningum og verklýsingum án nokkurrar takmörkunnar, nema slíkt sé sérstaklega tekið fram í verklýsingu, þar með talið allt efni, öll vinna eða annað það sem þarf til að skila fullfrágengnu verki sama hvaða nafni það nefnist.

Allar magntölur eru reiknaðar eftir málum á teikningum þar sem það á við nema þar sem sérstaklega er tekið fram að reiknað sé eftir öðrum forsendum. Telji bjóðandi t.d. efnispörf vegna verkliðar vera meiri en fram kemur við að beita áður nefndum reglum (t.d. vegna rýrnunar við niðurskurð) skal hann innreikna kostnað við það inn í einingarverð viðkomandi verkliða.

Í hverjum einstökum lið skal einnig vera innifalinn allur kostnaður verktaka af viðkomandi verklið, svo sem allt efni, vinna, vélar og tæki, ljós og orka, flutningur manna og tækja, yfirstjórn verktaka, þar með talin byggingarstjórn, lögboðnar tryggingar, opinber gjöld, ágóði, förgun sorps og efnisleyfa o.s.frv., nema annað sé tekið fram. Tilboðsupphæð er fundin sem summa margfelda magntalna og viðeigandi einingarverðs. Öll einingarverð í tilboðsskrá skulu vera með virðisaukaskatti. Efni og vinna sem tilheyrir þessum lið og verktaki þarf að útvega skal innifalinn í einingarverði annarra verkþátta.

0.7.1 Auðkenni tilboðs

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi, þannig merktu:

Rangárþing Ytra
Grunnskólinn Hellu – Suðurbygging

Tilboð Þakfrágangur

0.7.2 Opnun tilboða

Tilboð skulu hafa borist á skrifstofu Rangárbings Ytra, eigi síðar en **14. júní 2024 kl. 14:00** eða í tölvupósti á netfangið tomas@rv.is og verður niðurstaða kynnt með tölvupósti seinnipart þess dags sem tilboðum er skilað inn.

Þau tilboð sem berast eftir að liðinn er sá frestur sem settur var til að skila tilboðunum verða ekki opnuð. Þó verða þau tilboð opnuð sem borist hafa með tölvupósti á opnunarstað tilboða áður en skilafrestur er runnin út, enda hafi gögn, sem fylgja eiga tilboði, verið pósthöfð með ábyrgðarsendingu a.m.k. degi áður en opnun tilboða fer fram.

0.7.3 Tilboðstrygging - Gildistími tilboðs

Verkkaupi fer ekki fram á tilboðstryggingu.

Þjóðandi er bundinn af tilboði sínu í 5 vikur frá því að tilboð voru opnuð.

Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.

0.7.4 Meðferð og mat á tilboðum

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs en einingarverð eru bindandi fyrir þjóðendur.

Einingarverð eru einnig bindandi, innan eðlilegra marka, gagnvart þeim magnaukningum og aukaverkum sem verktaki kann að verða beðinn um að framkvæma.

Val verkkaupa á samningsaðila mun miðast við hagkvæmasta tilboð m.t.t. verðs.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að ganga ekki til samninga við þjóðanda sem ekki leggur fram ofangreindar upplýsingar. Ef þjóðandi hefur að mati verkkaupa ekki tæknilega, faglega eða fjárhagslega getu til að framkvæma verkið er einnig áskilinn réttur til að hafna tilboði hans.

Verkkaupi munu kanna fjárhag þeirra þjóðenda, sem til álita koma sem verktakar, og skulu þeir, sé þess óskað, leggja fram eftirtalin gögn innan sjö daga frá því að þeirra er óskað:

Ef eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum á við um þjóðanda áskilur verkkaupi sér rétt til að ganga ekki til samninga við hann:

- Þjóðandi er í vanskilum með opinber gjöld.
- Þjóðandi er í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna.
- Þjóðandi er í nauðasamningum, greiðslustöðvun eða í gjaldþrotaskiptum.
- Þjóðandi hefur neikvætt eigið fé.
- Þjóðandi hefur ekki nægilega reynslu af sambærilegum verkum eða getur ekki sýnt fram á, að mati verkkaupa, að hjá honum sé til staðar nægileg þekking og sambærileg reynsla vegna verka að svipuðu umfangi og gerð.

0.7.5 Þóknun fyrir gerð tilboðs

Verkkaupi greiðir ekki fyrir gerð tilboðs.

0.8 Greiðslur

0.8.0 Framlag verkkaupa

Verkkaupi leggur til verksins greiðslu eftirtalinna gjalda og kostnaðar, eins og við á hverju sinni:

- Byggingarleyfisgjald
- Gatnagerðargjald
- Heimtaugar, inntök, vatn, rafmagn
- Skipulagsgjald
- Brunabótamatsgjald
- Iðgjald af brunatryggingu eignar á framkvæmdatíma, sbr. grein 3.9.2 í ÍST 30
- Kostnað við hönnun og eftirlit

0.8.1 Greiðslur og reikningsskil

Greitt verður til verktaka samkvæmt leiðréttri tilboðsskrá.

Reikningar skulu sendir verkkaupa mánaðarlega eftir framvindu með upplýsingum um framvindu verksins. Reikningar verða yfirfarnir og samþykktir af eftirlitsmanni verkkaupa. Samþykktir reikningar greiðast af verkkaupa 15 dögum eftir móttöku fullgilds reiknings enda hafi hann verið samþykktur af eftirlitsmanni verkkaupa. Nánar útfærð reikningsskil og greiðslur skulu vera samkvæmt samkomulagi milli verkkaupa og verktaka á fyrsta verkfundi. Áréttað er að greiðsluliðir skulu reikningsfærðir eftir framvindu verksins og skilmerkilega skal koma fram hvaða liði er verið að innheimta hverju sinni.

Með hverjum reikningi skal verktaki jafnframt skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í tilboðsskrá og heildargreiðslustöðu samnings. Þessu yfirliti skal skila á þar til gerðum eyðublöðum. Áður en reikningur er gerður er æskilegt að haft sé samráð við eftirlitsmann verksins um mat greiðsluhlutfalls til að fyrirbyggja að leiðréttingar tefji reikninga.

Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á uppgjöri magntalna.

Verkkaupi mun ekki inna af hendi neina greiðslu til verktakans fyrr en hann hefur afhent tilskilda verktryggingu.

Gerðir skulu sérstakir reikningar vegna aukaverka, viðbótarverka og þeim fylgi greinargerð um verklíði þá er um ræðir og fram komi útreikningur þeirra magntalna sem reikningurinn byggist á. Samþykktur reikningur vegna aukaverka skal greiddur innan 15 daga frá samþykki hans.

0.8.2 Vinna sérfræðinga

Verkkaupi, fær virðisaukaskatt endurgreiddan af kostnaði verktaka vegna vinnu sérfræðinga svo sem verk- og tækniþræðinga hönnuða og manna með sambærilega langskólamenntun eða sem starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu skv. reglugerð um virðisaukaskatt nr. 248/1990 og breytingum á þeirri reglugerð nr. 601/1995. Gildir þetta bæði um aðkeypta vinnu verktaka og vinnu eigin starfsmanna. Skilyrði er að þeir gegni í verkinu starfi þar sem menntun þeirra nýtist eða er nauðsynleg.

Til þess að tryggja það að hægt verði að uppfylla skilyrði um endurgreiðslu virðisaukaskatts, vegna vinnu sérfræðinga, skal verktaki gera sérstaka reikninga, þar sem ekki koma fram aðrir greiðsluliðir.

Slíkum reikningum skal framvísað ársfjórðungslega eða samkvæmt nánara samkomulagi.

0.8.3 Verðlagsgrundvöllur

Engar verðbætur eru greiddar á einingaverð í þessu útboði.

0.8.4 Tafabætur / Dagsektir

Dragist verklok fram yfir skiladag skal verktaki greiða verkaupafabætur 100.000 kr. fyrir hvern almanaksdag sem dregst að ljúka verkinu. Þetta gildir í öllum tilfellum nema að samið hafi verið af einhverjum ástæðum um framlengingu verksins.

0.8.5 Fyrirframgreiðsla

Verkkaupi innir ekki af hendi fyrirframgreiðslu í þessu verki.

0.9 Ábyrgðir – Tryggingar - Ágreiningsmál

0.9.0 Vátryggingar

Verktaki ber ábyrgð á efni og alla áhættu á því ef verk eða efni til þess verður fyrir tjóni uns hann hefur skilað því af sér. Gildir þetta eins þótt verktaki hafi fengið greiðslu fyrir verkið að nokkru eða öllu leyti. Hann ber jafnframt ábyrgð á vinnu undirverktaka sinna. Verktaki skal hafa ábyrgðartryggingu sem bætir þann skaða sem hann kann að valda við framkvæmdina, jafnt verkkaupa sem þriðja aðila. Auk þess ber verktaki ábyrgð á að undirverktakar hans hafi sambærilegar ábyrgðartryggingar.

Verktaki skal hafa efni og búnað verktaka sem er á verkstað vátryggt fyrir tjóni.

Verktaki skal hafa ábyrgðartryggingu vegna tjóns þriðja aðila sem verkkaupi jafnt sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna starfsemi verktaka og vinnu starfsmanna hans.

Ábyrgðartrygging verktaka gagnvart tjóni þriðja aðila skal nema a.m.k. 10 milljónum íslenskra króna fyrir tjón í hverju einstöku tilfelli og samanlagt á einu ári. Ábyrgðartrygging skal taka til skaðabótaskylds tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir vegna framkvæmdanna. Vinnuvélar, krantar og önnur tæki sem hætta stafar af skulu einnig tilgreind í ábyrgðartryggingu þessari.

Verktaki skal kaupa allar þær lögboðnar og samningsbundnar vátryggingar sem verktaka er skylt að kaupa og viðhalda. Verktaki ber ábyrgð á að undirverktakar hans fullnægi einnig skyldum sínum í þessu efni.

Verktaki skal afhenda verkkaupa afrit af öllum tryggingarskírteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöld, verði þess óskað af verkkaupa. Vátryggingar verktaka skulu vera í gildi allan verktíma og er óheimilt að fella niður þessar tryggingar nema að fengnu samþykki verkkaupa.

0.9.1 Keðjuábyrgð

Vertaki skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn hans, undirverktaka eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni.

Hvenær sem er á samningstíma skal verktaki geta sýnt fram á að öll réttindi og skyldur skv. ofangreindu séu uppfyllt. Verktaki skal framvísa gögnum sem sýna fram á að ofangreindréttindi og skyldur séu uppfyllt innan 5 virkra daga frá þeim degi sem gagnanna er óskað. Séu gögn ekki afhent innan þess tíma eða verktaki getur ekki sýnt fram á að ofangreind réttindi eða skyldur séu uppfylltar að mati verkkaupa, er verkkaupa heimilt að innheimta dagsektir úr hendi verktaka að fjárhæð allt að 50.000 án VSK á dag, fyrir hvern starfsmann þar sem réttindi eru brotin á, eða fyrir hvern dag sem gögn eru ekki afhent innan tilgreinds tímafrests. Dagsektir skulu greiðast þar til bætt hefur verið úr.

Verkkaupa er heimilt að greiða vangoldnar verktakagreiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna, sem svara til launatengdra greiðslna, á kostnað verktaka, standi hann ekki í skilum með slíkar greiðslur.

0.9.2 Verktrygging

Til tryggingar því að verktaki standi við allar skuldbindingar sínar við verkkaupa vegna verkefnis þessa skal hann, eftir töku tilboðs og áður en framkvæmdir hefjast, afhenda verkkaupa verktryggingu, skv. kafla 3.5 í ÍST 30.

Skilmálar verktryggingar skulu þannig orðaðir, að verkkaupi geti innleyst hana án undangengins dómsúrskurðar og greiðsla geti farið fram innan 14 daga frá því hennar er krafist. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki verkkaupa.

Verktrygging skal miðast við 10% af samningsfjárhæð og skal standa óbreytt til verkloka en lækkar þá í 4% af samningsfjárhæð að viðbættum viðaukum við samning og verðbótum ef verksamningur er verðbættur, og stendur þannig næstu tólf mánuði frá dagsetningu heimildar verkkaupa til lækkunar tryggingarinnar.

Óheimilt er að lækka verktryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi tiltryggingafélags eða banka frá verkkaupa, og skal slík heimild gefin út innan 10 daga frá því að lokaúttekt fór fram á verkinu.

Verkkaupi leggur ekki fram sérstaka tryggingu vegna verksins

0.9.3 Veðsetningar – Eignarréttarfyrirvarar

Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verktímanum. Einnig er verktaka óheimilt, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkinu og verkkaupi hefur greitt fyrir.

Ekkert efni sem verkkaupi hefur greitt fyrir má vera með eignarréttarfyrirvara frá seljanda efnisins.

0.9.4 Misræmi í gögnum

Ef um ósamræmi milli uppdráttar og lýsinga er að ræða skal verktaki tafarlaust tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum er verktaki eftir sem áður bundinn af tilboði sínu.

0.9.5 Ágreiningsmál

Verði ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum skal verktaki þó eigi að síður framkvæma verkið samkvæmt fyrirætlum verkkaupa. Rísi ágreiningur um mál þetta skal því skotið til Héraðsdóms Suðurlands.

0.10 Vinnustaður

0.10.0 Athafnasvæði og vinnuástaða

Verktaki fær til umræða vinnusvæði það sem afmarkast af lóðarmörkum grunnskólans. Verktaki skal sjá til þess að ekki stafi hættu af vinnusvæðinu, samanber grein 0.10.4 um öryggisráðstafanir. Varðandi umgengni og umhirðu á vinnustað vísast til greinar 0.10.3.

0.10.1 Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni

Verkkaupi leggur til aðstöðu á verkstað salerni og aðstöðu til að geta snætt nesti, en verktaki skal leggja til annað nauðsynlegt húsnæði til geymslu á efni telji hann þess þurfa. Húsnæði og aðstaða skal uppfylla allar þær öryggis og heilbrigðiskröfur sem reglur segja til um.

0.10.2 Akstur, vélar og fleira

Verktaki skal leggja til og kosta öll áhöld, vélar, vinnupalla, vinnulyftur, keyrslubrautir, verkfæri og vinnuraflagnir sem til þarf við framkvæmdirnar og skal kostnaður við það vera innifalinn í einingaverðum verktaka.

0.10.3 Umhirða á vinnustað

Verktaki skal halda vinnusvæðinu hreinu og snyrtilegu allan verktímann þannig að sem minnst hættu sé á að efni og rusl geti fokið.

Verktaki skal ávallt sjá um að allir efnisafgangar séu flokkaðir og fjarlægðir jafnóðum til viðurkennds endurvinnslu eða förgunarstaðar. Verktaki skal sjá svo um að umhirða á vinnustað sé ávallt góð og skal hann fara eftir fyrirætlum eftirlits verkkaupa þar að lútandi. Verktaki skal leggja til flokkunargáma vegna meðferðar á sorpi og efnisafgöngum. Múrbrot, steypuafgangur og annan steinkenndan úrgang skal farga á samþykktan tipp, sem úthlutað verður verktaka í samráði við eftirlitsmann verkkaupa. Allur sorp- og urðunarkostnaður skal vera innifalinn í tilboði.

0.10.4 Öryggi á vinnustað

Verktaki skal haga vinnu sinni þannig að ekki stafi hættu af framkvæmdinni og gæta fyllsta öryggis. Verktaki skal gæta ýtrustu varúðar við framkvæmd verksins og hafa samráð við eftirlitsmann um allar varúðarráðstafanir eftir því sem við á. Áður en framkvæmdir hefjast skal verktaki, óski verkkaupi eftir, láta framkvæma áhættumat og leggja fyrir eftirlitsmann svo og tillögur um varúðarráðstafanir sem nauðsynlegt er að gera vegna þess og skal verktaki sjá um að varúðarráðstafanir þær sem nauðsynlegar eru sé framfylgt og viðhaldið. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir þetta heldur skal verktaki innifela kostnað vegna þessa í verði annarra verkliða. Verktaki skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ýtrasta, bæði hvað vélar og aðbúnað snertir. Hann skal einnig hafa brunavarnir og reglur um meðferð eldfimra efna, sem viðhlítandi teljast að dómi eftirlitsmanna og skv. skilmálum

vátryggingar. Reglum og leiðbeiningum um meðferð lagna frá veitufyrirtækjunum skal fylgt í hvívetna. Sérstök athygli er vakin á reglum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Verkkaupi áskilur sér rétt til að taka út öryggismál á verksvæði með eftirlitsmanni. Komi í ljós að verktaki fylgir ekki kröfum varðandi öryggismál er heimilt að stöðva framkvæmdir á verki

0.10.5 Umsjón og eftirlit

Verktaki skal í öllu framkvæma verkið í samráði við eftirlitsmann er verkkaupi skipar við verkið. Ef verktaki er í vafa um einstök atriði verksins skal hann leita úrskurðar eftirlitsmanns. Eftirlit og úttektir verkkaupa koma ekki í stað úttektar byggingarfylltrúa eða annars opinbers eftirlits samkvæmt lögum og skal verktaki sjá um að boða það þegar það á við. Eftirlitsmenn skulu eiga greiðan og óhindraðan aðgang að verkstað.

0.10.6 Lofthæð

Verktaki skal í útreikningum einingaverða taka tillit til hæðar og skal verktaki sjá sér sjálfur fyrir vinnuþöllum og lyftum.

0.11 Frágangur og gæði verks

0.11.0 Teikningar, máltaka og athuganir á staðnum

Verktaki sér um allar mælingar og útsetningar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma verkið samkvæmt verksamningi og skal kostnaður við það innifalinn í hverjum verklið. Verktaki ber fulla ábyrgð á sínum mælingum og útsetningum gagnvart verkkaupa, aðgerðarleysi eða vangá verkkaupa firrir verktaka eigi þeirri ábyrgð. Verktaki skal strax við upphaf verks kynna sér allar teikningar gaumgæfilega og vera viss um að hann skilji mál á teikningum rétt, áður en hann mælir fyrir einstökum verkhlutum. Verktaki skal kynna sérvandlega legu núverandi lagna á framkvæmdasvæðinu og afla graftarleyfa frá viðkomandi stofnunum gerist þess þörf. Umsjónarmaður verkkaupa skal gefinn kostur á að sannprófa mælingar og skal verktaki aðstoða umsjónarmann við mælingar, sé þess óskað.

Ef verktaki verður var við málskekktur skal hann tilkynna það verkkaupa án tafar til úrskurðar.

0.11.1 Framkvæmd verksins

Verktaki skal við framkvæmd verksins fara í einu og öllu eftir íslenskum lögum og reglugerðum og uppfylla þær kröfur sem opinber yfirvöld setja honum eða starfsemi hans.

Öll fagvinna skal unnin af mönnum með tilskilin réttindi. Öll vinna og frágangur skal verafyrsta flokks og í samræmi við góðar fagvenjur. Verktaki leggur til allt efni, búnað, tæki og alla vinnu, sem þarf til að fullgera verkið. Verkkaupi leggur hvorki til efni, búnað, tæki né vinnu vegna nema slíkt sé sérstaklega tiltekið.

Þar sem vinnusvæðið er við grunnskóla sem er í fullri notkun skal verktaki haga framkvæmdum þannig að það verð engin truflun á grunnskólastarfi eða hætta fyrir starfsemi grunnskólans. Gera má ráð fyrir umferð akandi og gangandi í námunda við verkstað. Verktaki skal taka tillit til umhverfisaðstæðna, virða leyfilegan umferðarhraða á svæðinu og gæta öryggis í hvívetna.

0.11.2 Verkstjórn verktaka og verkfundir

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í grein 4.1 í ÍST 30.

Verktaki og undirvertakar skulu gera ráð fyrir að þurfa að mæta vikulega á verkfundi með fulltrúa verkkaupa meðan á verkinu stendur. Verkfundargerðir eru ritaðar af eftirlitsaðila verkkaupa og skulu samþykktar með undirritun af báðum aðilum.

0.11.3 Vinnu- og efnisgæði

Allt efni skal vera af viðurkenndri gerð og er háð samþykki verkkaupa.

Á verktíma er verktaka heimilt, að höfðu samráði við eftirlitsaðila, að bjóða annað efni og aðra vinnutilhögun en útboðsgögn kveða á um og skal hann þá leggja fram upplýsingar um efni, vinnu og verð sbr. grein 4.3 í ÍST 30.

Verkkaupi gerir samanburð á frávikum með tilliti til verðs og gæðamismunar og hefur ákvörðunarrétt um hvaða efni og aðferðir verða endanlega valin. Allan kostað sem til fellur vegna samanburðar á öðru efni eða vinnuaðferðum skal verktaki greiða óháð samþykki eða synjun verkkaupa.

0.11.4 Gæðastjórnunarkerfi

Verktaki skal vinna verkið samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi. Verkkaupa er heimilt að gera úttekt á notkun gæðastjórnunarkerfis.

Markmið með gæðakerfi verktaka er að auka hagkvæmni og skilvirkni framkvæmdarinnar. Í upphafi verks leggur skal verktaki leggja fram grunn að verkmöppu til samþykktar. Meðan á framkvæmdum stendur verða til skjöl sem fara í verkmöppuna. Við verklok er fullbúin verkmappan afhent verkkaupa. Í grunni að verkmöppu skal gerð grein fyrir stjórnkerfi verksins. Þegar verktaki leggur fram grunn að verkmöppunni skal hann gera grein fyrir verklagi sínu við:

- Skjalastýringu,
- póst inn og út,
- móttöku og dreifingu teikninga,
- móttöku efnis,
- meðhöndlun frávika og úrbóta,
- auka- og viðbótarverk,
- nýja greiðslulíði,
- innra eftirlit með einstökum verkþáttum,
- verkþáttarýni.

Við upphaf framkvæmda skal verktaki leggja fram gögn sem sýna hvernig hann hyggst standa að verkþáttarýni og innra eftirliti með framkvæmd einstakra verkþátta óski verkkaupi þess. Hér er ekki átt við að hann lýsi í smáatriðum framkvæmd hvers verkþáttar, heldur hvernig hann hyggst standa að undirbúningi framkvæmdar við verkþáttinn (með verkþáttarýni). Á sama hátt lýsi hann hvernig hann ætlar að haga innra eftirliti sínu, hvaða eyðublöð hann ætlar að nota o.þ.h.

Verktaki skal útbúa eftirlitsáætlun vegna verksins í samráði við eftirlitsaðila verkkaupa. Þar skal eftirfarandi að lágmarki koma fram:

- Hvað skal gera,
- hvernig, hvenær,
- hvaða kröfur skal uppfylla og hver ber ábyrgð á viðkomandi verkþætti.

Við lok framkvæmda skal verkmappan innihalda sögu verksins. Þar skulu koma fram:

- Fullnægjandi gögn um allt efni sem notað var við framkvæmdina, og krafist var gagna um.
- Ábyrgðarskírteini af öllu efni sem ábyrgð er gefin á.
- Útfyllt eyðublöð úr innri úttektum verktaka, skv. eftirlitsáætlun hans.
- Fullnægjandi niðurstöður allra fyrirskrifaðra prófana.
- Úttektarvottorð, eins og krafist er, frá þeim opinberu aðilum sem hlut eiga að máli.
- Upplýsingar um breytingar á útfærslum miðað við teikningar.
- Rekstrarhandbækur kerfa ef farið er fram á þær í útboðsgögnum.

Öll samræming og skipulagning á milli einstakra faggreina og verkþátta innan framkvæmdarinnar sem nauðsynleg er vegna verksins er innifalin í verki og kostnaði verktaka.

0.12 TILBOÐSBLAÐ

Commented [EG2]: Uppfæra tilboðsblað

Ég undirritaður geri hér með eftirfarandi tilboð í verkið "Grunnskólinn Hellu – Suðurbygging" Þakfrágangur, samkvæmt meðfylgjandi útboðslýsingu og þeim gögnum sem þar er vísað til og teljast hluti útboðsgana verksins.

Ég hef kynnt mér öll ákvæði útboðsgagna auk aðstæðna á verkstað og í samræmi við það býðst ég til að fullgera verkið fyrir,

Kr. _____ með virðisaukaskatti.

Kr. _____

(upphæð í bókstöfum)

TILBOÐ SUNDURLIÐAST ÞANNIG.:

7.4 Þak _____

Þann _____ 2024

Nafn. _____

Kennitala. _____

Heimilisfang. _____

Sími. _____

Netfang. _____

Undirskrift.: _____